



2, 1.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Des. 1906.

GLEÐILEG JÓL!

Nú koma *jólin*, blessuð *jólin* björtu og blíðu, stóra *barna-hátíðin*.

Þó kalt sé, er ekki kalt um *jólin* í hugum barnanna, né heldum dimt, þó stytstir sé þá dagarnir.

Sólin gengur ekki undir á *jólu*num. Hún er hátt á lofti. Þau hátta í sólskinu, börnin, á *jólu*num, sofna í sólskinu, dreyma um sólskin, og vakna upp aftur í sólskinu.

Hvað þau eru björt, *jólin*! Og hvað það er hjart um börnin á *jólu*num! Og hvað það er þá gott að vera barn með börnunum á *jólu*num! Og hvað gott er að vita til þess, að okkur öllum er hægt að vera börn með börnunum á *jólu*num, ef við að eins viljum það.

Jólin eru fyrir börn—bara fyrir börn. Og það er að eins hjart um börn á *jólu*num.

„Nema þið verðið eins og börn“—sagði mikla *jólabarnið*. Nauðsynlega skilyrðið fyrir því, að komast í ljós *jóla-barnsins*. En það vill gera alla að börnum — börnum, sem elska allt það, sem gótt er, réttlátt og heilagt, en hafa óbeit á hinu, sem ljótt er og vont og syndsamlegt. Og það gerir þá alla að börnum, sem vilja og elska ljósið — heilaga ljósið, sem kemur með því í heiminn og fyrir það er nú í heiminum. Og þá komast þeir í ljósið með börnunum — í ljós *jóla-barnsins*.

Það vill, að hjart sé um alla á *jólu*num. Og það vill, að

lífið okkar hér verði alt *jól í byrjun*. Og að það seinna verði alt *jól í fullkomnun*.

Til þess kom það — fæddist eins og barn, lífði eins og barn föðursins, og fórnaði sér eins og barn föðursins.

Svona ant er guði um, að við séum börnin hans, að hann gaf okkur þetta barn sitt, mikla jóla-barnið, til þess að við yrð-



um *fyrir það* börnin hans. Og svona ant er guði um það, að við komumst í ljósið og það verði hjart um okkur.

Hvað við ættum að vera þakklát við hann fyrir það! Og hvað við ættum að gleðjast af því að fá að vera í ljósinu hjá honum! Og hvað vænt okkur ætti að þykja um heilaga jóla-barnið, sem færði okkur ljósið og leiðir okkur í ljósið! Og hvað ant okkur ætti að vera um það að vera ætíð hjá *því* og í barna-hópnum, sem safnast saman utan um *það*!

Horfið á myndirnar. Þið sjáið, að bjart er yfir hürðunum á myndina. En hvaðan kemur birtan? Frá englinum, sem flytur boðskapinn, að Jesús sé fæddur, frelsari heimsins. Sá boðskapur flytur æfinlega sama ljósið — *heilaga kærleiks-ljósið frá guði.*



Þið sjáið líka, á hinni myndinni, að bjart er yfir barninu í kjötu Maríu, bjart yfir Maríu, bjart yfir Jósef, bjart yfir öllu, sem er í kring um barnið. Þannig er allstaðar bjart, þar sem þetta barn er.

JÓLATRÉS-SIDURINN.

Það eru margar sögur um það, hvernig jólatrés-síðurinn er orðinn til. Sérstaklega falleg saga ein þýsk er um það:

Hún segir frá hjónum einum á Þýzkalandi. Hann hét Hinrik. Hún hét Geirþrúður. Hann fór að heiman og var með í krossferðinni einni til landsins helga. Kom heim aftur eftir tvö ár. Tók þá konan hans eftir því, að hann var ekki sami mað-

urinn og að honum leið illa. Hún heyrði hann útmála fyrir vinum sínum náttúruvegurðina alla, sem hann hafði séð og sem hafði heillað svo huga hans, að hann undi sér ekki lengur heima. Hann sagði frá jólanótt einni, sem hann hafði lifað á ferð sinni í Ítalíu. Kirkjan hafði verið uppljómuð þúsund kertaljósunum, og mynd af frelsaranum hafði sést í sveig, bínunum til úr blómum og lærviðar-greinum.

Nú fór hún þá að hugsa um eitthvert ráð til þess að lægt væri að lát anæstu jól flytja honum eitthvað af þessari fegurð, sem hann hafði orðið svo hugfanginn af.

Einn dag er hún á gangi um greniskóginn. Og er hún horfir á trén og virðir þau fyrir sér, dettur henni í hug ráð. Hún segir þá: „Þú, grenitré! skalt ná aftur kærleika mannsins míns til föðurlandsins og heimilisins. Þú skalt prýða kirkjuna næstu jól. Eg skal hengja á þig hnetur og epli. Eg skal brýða þig með rósum og gera þig miklu fallegri en þú ert með hundruðum af ljósum.“

Þegar Geirþrúður talaði um þetta við prestinn sinn, sagði hann henni, að það væri rétt að gera dýrðlega fæðingarhátíð óvottins á þennan hátt. Líka sagði hann: „Það er verk guðs að koma sál til þess að elska heimilið sitt og föðurlandið. Og verði iðgræna grenitréd tákni kærleika guðs, sem æ er hinn sami.“

Geirþrúður kom þessu til leiðar. Og það var fyrsta jólatréð. Henni varð líka að því, sem hún vonaði. Maðurinn hennar varð hinn sami, sem hann hafði áður verið. Og einlægt upp frá þessu prýddi jólatré kirkjuna á jölunum. Og fólk þyrptist að, til þess að sjá fallega jólatréð. Síðurinn breiddist út um allt Þýzkaland. Og nú hefur hann rutt sér til rúms allsstaðar.

Og minnir nú jólatréð prýdda og uppljómaða á *kærleikann og ljósið og friðinn og fönuðinn og fegurðina, sem kom með Jesú í heiminn.*

KIRKJA, SEM ÁTTI AÐ HREINSA LOFTIÐ.

Saga er sögð um tímursala í bæ einum í einu Suður-rikkjanna í Bandaríkjunum. Hann hafði ekki upp alist þ: r: heldur hefði hann flutst þangað úr einu Austur-rikkjanna. Einn dag bittir hann Metódista-biskup einn að máli, sem var að komandi í bænum, og býðst til þess að byggja kirkju upp á eigin býti og launa presti líka, ef hann, biskupinn, vilji sjá um að prestur komi og setjist að í bænum. Biskupinn lofar að gera það.

En nokkru síðar er honum skýrt frá því, að tímursalinn

sé trúlaus maður. Fer hann þá til mannsins og spyr hann, því hann vilji hafa kirkju, ef hann sé ekki kristinn maður.

Hann svarar þá: „Þú, loftið hér er svo ilt. (Hann átti við andlega loftið.) Það er alt öðruvísi en þar sem eg var áður. En þar voru kirkjur. Nú langar mig til þess að sjá, hvort kirkja og prestur muni ekki geta bætt loftið hérna.“

Börn! Þessi maður fann mismuninn á því að vera þar sem guðs orð var prédikað og þar sem ekkert var hirt um það. Hann var ekki svo blindur af ofstækisfullu hatri á kristindómnum, að hann væri ekki fús til að kannast við hin góðu áhrif hans á mannlífið. Sumir bera svo mikla óbeit í hjarta sínu til kristindómsins, að þeir vilja ekki sjá neitt gott hjá honum. Það er verst fyrir þá sjálfa eins og alla, sem ekki vilja sjá það, sem gott er.

Kristin kirkja á al'astadar að bæta mannlífið, hvar sem hún er. Enda gerir hún það. Hún er *salt* í heiminum, eins og Jesús sagði um hana. En hún er það að eins fyrir það, að hún trúir á *Jesúm* og vitnar um hann. Frá Jesú fær hún kraft til þess að bæta lífið — frá *honum*, sem bætir hvern manna, sem á hann trúir.

Það er gott að trúa á Jesúm og eiga hann, börn!

—o—
Í LITLA KRÓKNUM.

(Þýtt.)

Gréta litla var að hjálpa til í eldhúsinu og fægði hnífana. Einhver hafði verið ógætinn og látið hnífinn einn ryðga, en Gréta nuddaði hann í ákafa og raulaði á meðan:

„Viða' er ljósvant hjá lýðum.

Oss lýsa ber —

í króknum litla þínum þér,

í mínum mér.“

„Því ertu einlægt að nudda hnífana þá arna?“—spurði María. Hún var eldabuskan.

„Af því þeir eru í „króknum“ mínum“—svaraði Gréta kát. „Oss lýsa ber — í króknum litla þínum þér“—manstu; „í mínum mér.“—Eg geri það, sem eg get. Meira get eg ekki.“

„Ef eg væri þú, þá myndi eg ekki vera að eyða kröftum mínum í þessu“—sagði María. „Eg veit, að enginn tekur eftir því.“

„Jesús tekur eftir því“—sagði Gréta. Hélt svo áfram verkinu sínu og söng:

Oss lýsa ber —

í króknum litla þínum þér,
í mínum mér.

„Hún er í „króknum“ mínum, steikin sú arna, býst eg við“—hugsaði María. „Ef barnið að tarna á að gera það, sem því er unt, þá vænti eg, að eg eigi að gera það líka. Ef hann tekur eftir hnífunum, þá tekur hann semmílega eftir steikinni.“—
Og hún steikti hana óvenjulega vel í þetta sinn.

„María! steikin þín er ágæt í dag“—sagði Emma.

María svaraði, að það væri Grétu að þakka. Og ánægjan skein út úr rjóða andlitinu á henni. Og svo sagði hún söguna um Grétu. Emma var að „straua“ fellingar á kjól. Hún var sveitt og reytt. Hún hugsaði með sjálfri sér: „Það held eg, að henni Helenu standi nokkurn veginn á sama, þó fellingarnar þessar sé ekki upp á hið allra fallegasta. Ég flýti mér bara að verða búin.“ En þegar hún heyrði söguna um Grétu, fór hún að vanda sig og „strauaði“ nú kjólinn eins vel og henni var unt. „Nei, hvað hann er fallegur kjóllinn minn!“—sagði Helena.—Emma brosti eg sagði, að það væri Grétu að þakka. Sagði svo söguna um hana.

Um kvöldið sagði Helena við vinstúlku sína, sem bað hana endilega að koma út með sér: „Nei, eg get það ekki í kvöld. Krókurinn minn er í kirkjunni.“

„Krókurinn þína! Hvað á nú þetta að þýða?“—sagði vinstúlkan. Helena sagði henni há söguna af Grétu.

Vinstúlka hennar sagði þá við hana: „Tæja þá! úr því þú vilt ekki fara út með mér, kanske eg þá fari með þér.“ Og svo fóru þær báðar til kirkjunnar.

„Mér þótti vænt um að þú komuð. Þið hjálpuðuð okkur svo ágætlega með sönginn“—sagði presturinn við þær. Þegar þær voru að fara út úr kirkjunni. „Ég var hræddur um, að þið ætluðuð ekki að koma.“

Helena gegndi því og sagði: „Það var Grétu litlu okkar að þakka.“ „Og svo sagði hún honum söguna um Grétu.

Presturinn var á gangi úti um kvöldið. Hann nam staðar fyrir framan hús eitt og sagði við sjálfan sig: „Ég held eg verði að koma hérna við aftur. Í gar sagði eg, að það væri ekki til neins. En eg verð að gera það, sem mér er unt.“ — Í húsinu lá maður veikur. Hvað eftir annað hafði presturinn komið til hans, en hafði ekki fengið neina áheyrn. Þegar hann nú kom, sagði hann við hann: „Ég kom til þess að segja þér dálitla sögu.“ Og svo sagði hann honum söguna um Grétu. Þegar hann var búinn að segja söguna, þerrar sjúki maðurinn tárin úr augunum á sér og segir: „Ég finn „krókinn“ minn líka, og reyni

að gera það fyrir Jesúmi að lýsa.“ — Maðurinn var faðir Grétu.

Þennan dag horfði Jesús niður til Grétu og sagði: „Hún gerði það, sem hún gat.“ Og hann blessaði hana.

„Eg held eg gangi ekki út mér til skemtunar í kvöld“ — sagði Helena. „Eg ætla að ljúka við kjólinn hennar mömmu. Eg get það, ef eg bara vil.“

„Nei, hvað er þetta, barn! Ertu ein þá að sauma? Eg hélt þú hefðir gengið út þér til skemtunar?“ — sagði móðir hennar. Hún kom inn til hennar.

„Ó, nei! Eg fór ekki. Kjóllinn þinn sýndist vera í „króknum“ mínum, svo eg hugsaði mér að ljúka við hann.“

„Í króknum þínum!“ — hafði móðir hennar upp eftir henni. Hún vissi ekki, hvað hún átti við. Helena sagði henni þá söguna.

Þegar presturinn kom um kvöldið, til þess að vitja um manninn hennar, tók hún fram tíu dollara, sem hún hafði ætlað sér að gefa til heiðingja-trúboðsins. En þá hugsar hún með sjálfri sér: „Eg býst við, að eg geti gefið meira. Barnið mitt litla reynir að gera það, sem því er unt í eldhúsinu. En geri eg það, sem mér er unt? — Eg læt það vera 25 dollara.“

Verndar-ængill Grétu hvíslaði að öðrum engli: „Gréta litla gaf 25 dollara í dag handa fólkinu okkar í Indlandi.“

„25 dollara? — Er það satt? Eg hélt hún væri fátæk“ — svaraði ængillinn.

„Ó, já! Fátæk er hún. En faðir hennar á hinnum er ekki fátækur. Það veistu. Hún gerði sitt. Hann gerði lítt.“

En Gréta litla vissi ekki um neitt af þessu. Næsta morgun hélt hún áfram að fægja hnifana sína, söng og var kát.

Víða' er ljósvant hjá lýðum.

Oss lýsa ber —

í króknum litla þínum þér,

í mínum mér.

HVERS VEGNA FER ÞÚ Í SUNNUDAGS- SKÓLANN?

Ef eg spyrði börnin að þessari spurning, mundu sum svara: „Af því manna mín vill það.“ Sum mundu segja: „Af því jólin koma bráðum, og eg fæ fallega gjöf á jólatrénu, ef eg fer í sunnudagsskólann.“ En börnin mundu ekki öll svara þannig. Mörg, jafnvel flest, mundu svara: „Af því eg vil það; eg vil fara í sunnudagsskólann. Eg vil læra að syngja svörin og sálm-
tenu. Eg vil læra að lesa í biblíunni, og læra um góðu mennina, sem þar er sagt frá. Eg vil læra um guð, og eg vil læra um

Jesúm.“ Svona mundu líklega flest börnin svara. Öll góðu börnin mundu svara á þessa leið, og börnin eru flest góð. Og þið, litlu börn, sem farið í sunnudagsskólann af því þið *viljið* það sjálf, hafið óendanlega mikið gagn af því. Það hjálpar ykkur til að verða að góðum, siðlegum og ráðvöndum drengjum og stúlkum. Það hjálpar ykkur til að læra, virða, elska og eignast guðs orð. Það hjálpar ykkur til að læra að halda hvíldar-daginn heilagan, og sækja stöðugt og reglulega guðspjónustur safnaðarins, og æðlast þá náð heilags anda, sem því er samfara. Það kennir ykkur, að að eins með einu móti getur æskumaðurinn haldi vega sínum hreinum—með því að halda sér fast við guðs orð. Það hjálpar ykkur til að umgangast gott og kristið fólk og líkjast því. Það hjálpar ykkur til að bera mótlatið í lífinu með þreki og stillingu, og til að þola medlatið með hógværd, litillæfi og sjálfsafneitun. Já, í stuttu máli, það hjálpar ykkur til að verða að góðum og dugandi mönnum og konum, mannfélaginu til blessunar og uppbyggingar.

Til þessa farið bið þá, börnin mín, í sunnudagsskólann. Guð blessi ykkur og hjálpi ykkur öllum til þess. G. P.

KÆR GESTUR.

„Unga Ísland“ kom að heiman frá Reykjavík og heimsótti „Börnin“ hérna á dögumtín. Þau fögnuðu hinum nýja gesti, og óska þess, að hann komi sem oftast. Fegin vilja þau koma heim til hans aftur í staðinn.

SVAR UPP Á FYRIRSPURN.

„Börnin“ hafa verið spurð að því, hvort þau tækju við erendum aðsendum og kvæðum.—Já, með mestu ánægju taka þau við öllu, sem gott er, gagnlegt og holt fyrir börnin.

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnblaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 680, Winnipeg, Man.
Canada.